



Reykjavíkurborg

mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Reykjavík, 5. janúar 2021

R21010102

ep

Velferðarráð

Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Erindi samtaka kvenna af erlendum uppruna W.O.M.E.N vegna mismununar gagnvart konum af erlendum uppruna

Á fundi fjölmeningarráðs þann 14. desember 2020, var lagt fram meðfylgjandi erindi stjórnar samtaka kvenna af erlendum uppruna W.O.M.E.N, um meinta mismunun gagnvart konum af erlendum uppruna, sbr. 5. lið fundargerðar s.d.

Fjölmeningarráð lagði fram svohljóðandi bókun:

Fjölmeningarráð Reykjavíkurborgar tekur heilshugar undir þær áhyggjur sem koma fram í yfirlýsingunni frá Samtökum kvenna af erlendum uppruna varðandi framkomu Fjölskylduhjálpar í garð skjólstæðinga sinna af erlendum uppruna. Ráðið óskar eftir að mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa fari fram á það við Fjölskylduhjálpi Íslands að skilað sé greinargerð um hvernig tryggt sé að unnið sé gegn mismunun og að jafnrétti við úthlutun samtakanna. Þetta er í samræmi við grein 12.3. í mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og styrkjareglur Reykjavíkurborgar. Ráðið óskar jafnframt eftir að upplýsa velferðarráð um þessar áhyggjur fulltrúa grasrótunnar sem beint var til fjölmeningarráðs. Ráðið þakkar jafnframt fyrir kynningu á stöðu á tillögu um átak gegn fordómum sem samþykkt var á fundi borgarstjórnar og fjölmeningarráðs í febrúar 2019 og var í frekari útfærslu samþykkt á sameiginlegum fundi ofbeldisvarnarnefndar, mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs og menningar- íþróttá og tólmstundaráðs þann 19. nóvember s.l um sameiginlegt átak gegn fordómum hjá öllum starfsstöðvum borgarinnar. Ráðið óskar eftir að fá að fylgjast með frekari útfærslu verkefnisins.

Fjölmeningarráð óskaði eftir að velferðarráð væri upplýst um málið og tilkynnist því hér með.

Með kveðju

Elísabet Pétursdóttir

Varðandi fréttir 9. desember um meinta mismunun gagnvart konum af erlendum uppruna sem eiga sér stað hjá Fjölskyldahjálpi:

W.O.M.E.N. tekur þetta mál mjög alvarlega. Sem samtök með það að markmiði að vinna að jafnrétti og jafnri stöðu kvenna af erlendum uppruna á öllum sviðum þjóðlífsins, erum við mjög vonsvikin að heyra að Fjölskyldahjálpi hafi aftur komið fram í fréttum fyrir meinta mismunun gagnvart útlendingum.

Fyrsta skipti sem [þetta gerðist var árið 2010](#). Þrátt fyrir afneitun framkvæmdastjórans um að stunda mismunun gagnvart útlendingum sem fjölmiðlar birtu síðar [afrit af uppteknu samtali](#) hennar sem sýndi að þessar afneitanir voru ekki byggðar á staðreyndum. Með það í huga að þessar nýjustu fréttir séu byggðar á ásökunum, sumar þeirra frá einstaklingum sem ekki vildu tjá sig undir eigin nafni, teljum við engu að síður að skyldan felist í stjórnun Fjölskyldahjálpar til að sýna fram á, án vafa, að allir sem leita til þeirra vegna aðstoð séu meðhöndlaðir jafnt, óháð þjóðerni, trú, kyni eða kynþætti.

Við viljum minna borgarstjórn Reykjavíkur á skyldu sína til að vinna með tillöguna um heildstætt átak gegn fordómum og hatursorðræðu sem lögð var fram á vegum samtök kvenna af erlendum uppruna á Íslandi 30. apríl 2019 á sameiginlegum fundi borgarstjórnar og fjölmenningsráðs.

Borgarráðsfulltrúar greiddu atkvæði samhljóða um að vinna með eftirfarandi tillögu:

„Lagt er til að Reykjavíkurborg fari í heildstætt átak gegn fordómum og hatursorðræðu í garð innflytjenda í þeim tilgangi að stuðla að þróun samfélags þar sem allir samfélagsþegnar fái að lifa með reisu, í sátt og samlyndi. Átakið gæti snúið fyrst að vinnustöðum Reykjavíkurborgar og svo að samfélaginu í heild sinni með það að markmiði að auka vitund um fjölbreytni samfélagsins, hvetja til jákvæðara orðfæris og raungera hin auknu gæði og tækifæri sem fjölbreytileiki felur í sér. Ekki síst er mikilvægt að efla faglega þekkingu starfsfólks Reykjavíkurborgar á menningarnæmi og -færni.“ ([hægt er að nálgast tillagan ásamt greinargerð hér](#))

Í ljósi þessa hvetjum við Borgarstjórn Reykjavíkur til að gera Fjölskyldahjálpi einnig ábyrga, krefjast gagnsærrar rannsókna og, ef mismunun er sannarlega að störfum hjá Fjölskyldahjálpi, að draga til baka allt það fjármagn sem Fjölskyldahjálpi fær, þar sem borgin getur ekki og verður ekki að veita fjármagn til samtaka sem starfa í beinni andstöðu við Mannréttindastefnur Reykjavíkur.

Við gerum okkur grein fyrir því að þetta ár eru sérstaklega margir sem þurfa á mataraðstoð að halda. En í ljósi nýlegra atburða viljum við beina fólki til Mæðrastyrksnefndar, Hjálparstarfs kirkjunnar, Peppi Ísland, grasrótar fólks í fátækt og Hjálpræðishersins eru meðal þeirra hópa sem fólk ætti að veita stuðning sinn og leita sér hjálpar til þar til Fjölskylduhjálpi sýnir ótvírætt fram á að mismunun er ekki liðað innan starfsemina þeirra.

Með kveðjur,
Stjórn samtök kvenna af erlendum uppruna á Íslandi